

Fundargerð 72. fundar háskólaráðs Háskólans á Hólum, 10. desember 2020. kl. 10:30-12:10 á zoom.

Dagskrá:

1. Samþykkt fundargerðar
2. Rekstrarhorfur ársins 2020 og framtíðarhorfur. Deildarstjórar boðaðir á fundinn.
3. Önnur mál.

Samþykkt var að snúa dagskránni þannig að 2. liður var tekinn fyrst, 1. næst og svo 3. önnur mál.

Fundinn sátu: Ingibjörg Sigurðardóttir, Jón Eðvald Friðriksson, Laufey Skúladóttir (sem vék af fundi milli 10:55-11:35), Stefán Óli Steingrímsson og Erla Björk Örnólfsdóttir, rektor.

Fulltrúi stúdenta fjarverandi. Fundarritari var Sigríður Sigurðardóttir.

Dagskrá:

1. Rekstrarhorfur ársins 2020 og framtíðarhorfur.

Undir þessum lið sátu Guðmundur Björn Eyþórsson, fjármálastjóri, Bjarni Kristófer Kristjánsson, deildarstjóri Fiskeldis- og fiskalíffræðideild og Sveinn Ragnarsson, deildarstjóri Hestafræðideild.

Guðmundur kynnti niðurstöður fjárhagsstöðu jan.-okt. 2020. Launakostnaður er töluvert yfir áætlun, sem er fyrst og fremst vegna áhrifa af Covid19 heimsfaraldri en aðrir liðir eru yfirleitt undir áætlun af sömu ástæðum.

Deildarstjóri Hestafræðideildar sagði að Covid19 hefði verið mikil áskorun fyrir marga verkþætti deildarinnar og því ákveðinn léttir að umframgjöldin væru ekki meiri.

Deildarstjóri Fiskeldis- og fiskalíffræðideildar sagði að áætlun næsta árs byggist á ákveðinni íhaldssemi en að sértekjur deildarinnar stefni í að verði yfir 200 millj.kr. Hann tók fram að stoðkerfi skólans og um leið deildarinnar standi afar veikt gagnvart umsýslu stórra styrkja og nauðsynlegt að efla bæði stoðkerfið og verkefnisstjórnun vegna þeirra.

Deildarstjóri Ferðamáladeildar sagði að sumarnám deildarinnar hafi gengið vel, en boðið var upp á fjölda námskeið í júní, vegna Covid19. Sumarnámið var óvæntur útgjaldaliður sem ekki var á fjárhagsáætlun í upphafi árs. Fram kom að við deildina starfa nú átján stundakennarar og tíu fastir kennarar, sem vinna stöðugt að því að þróa námið og fjármagna rannsóknir.

Í framhaldi voru styrkir ræddir frá ýmsum hliðum, bæði gagnvart rekstri og sóknarfærum í rannsóknum og endurmenntun. Fram kom einnig að mörg tækifæri liggja í auknum áhuga erlendra nemendahópa, sem vilja nýta Hólastað og umhverfi sem vettvang kennslu. Þá kom fram hve mikilvægt væri að hafa rekstrarlegar upplýsingar, bæði gagnvart rannsóknum og öðrum rekstri, alltaf tiltækar og að samræður milli deildarstjóra og háskólaráðs mættu vera oft en þær eru.

2. Fundargerðar 71. var samþykkt.

3. Önnur mál.

- 1) Háskólaráð lýsir yfir ánægju með fund við ráðherra þann 9. desember.
- 2) Rætt um skipulagsbreytingar.